



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SAMÚÐARKVEÐJUR TIL NOREGSKONUNGS OG NORSKU ÞJÓÐARINNAR**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sendi í morgun samúðarkveðjur til Haraldar Noregskonungs og norsku þjóðarinnar. Í kveðjunni lýsti forseti djúpri samúð allra Íslendinga vegna hinna skelfilegu atburða í Noregi. Hugur okkar væri hjá fjölskyldum og vinum þeirra sem látist hefðu og við vonuðum að þau hefðu styrk til að glíma við hina miklu sorg.

Á stundum sem þessum yrði bræðralag norrænna þjóða að ríkum samhug og samstöðu; lýðræði, menning og réttarríki vörn gagnvart örlagaþrungnum áföllum.

Í kveðjunni til Noregskonungs kom jafnframt fram að á morgun myndi forseti sækja guðsþjónustu í Reykholtskirkju, stað Snorra Sturlusonar, þar sem beðið yrði fyrir norskri vinabjóð.

*23. júlí 2011*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),  
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*